

28.3.2017

Góðan dag

Á fundi bæjarráðs Kópavogs þann 23. mars sl. var lagt fram til umsagnar frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga, 120. mál. Á fundinum var gerð bókun sem óskað var að yrði send efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis. Eftirfarandi er bókunin:

1703754 - Bæjarráð - 2863 (23.3.2017) - Til umsagnar: Frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga (afnám lágmarksútsvars), 120. mál.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis, dags. 14. mars, lagt fram til umsagnar frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga (afnám lágmarksútsvars), 120 mál (þingmannamál).

Bæjarráð vísar málinu til bæjarlögmanns til afgreiðslu.

Bókun Karenar E. Halldórsdóttur:

"Sveitarfélög reyna langflest hver að halda sínu útsvari í eins miklu lágmarki og rekstur bæjarfélaganna leyfir hverju sinni. Því starfi sinna sveitarstjórnarfulltrúar allsstaðar á landinu af mikilli samviskusemi. Hvergi á landinu má greina óþarfa útsvars"þíningu" sveitarfélaga. Verkefni þeirra eru ekki lítilvægleg og snúa m.a. að rekstri grunnskóla, leikskóla, velferðarþjónustu og skipulagningu nýrra hverfa. Við hafa bæst verkefni vegna mikils fjölda ferðamanna sem leitt hefur m.a. til húsnaðisskorts á höfuðborgarsvæðinu og mikils álags á helstu ferðamannastaði og innviði landsins.

Ég vil hvetja flutningsmenn frumvarpsins til þess að einbeita sér að breytingum á tekjustofnum sem lúta beint að rekstri ríkissjóðs sem að lokum eiga að greiða fyrir innviðauppbyggingu samfélagsins. Þegar og ef slíkt verður skoðað, að hafa þá jafnvel í huga hvort sveitafélög ættu að fá hlutdeild í tekjustofnum ríkisins vegna verkefna sinna."

Undirrituð hefur óskað eftir að bókunin verði send efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis.

Bókun Ásu Richardsdóttur og Margrétar Júlíu Rafnsdóttur:

"Tek undir bókun Karenar Elísabetar Halldórsdóttur og hvet Alþingismenn til að hafna þessu frumvarpi."